



Nefndarálit eftirlitsnefndar um

skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Norræna menningarsjóðsins 2014

Tillaga nefndarinnar

Eftirlitsnefndin leggur til að

Norðurlandaráð ákveði

að færa til bókar ársreikning og endurskoðunarskýrslu um Norræna menningarsjóðinn (NKF) fyrir árið 2014;

að hvetja Norræna menningarsjóðinn (NKF) til að fylgja ráðleggingum dönsku Ríkisendurskoðunarinnar um eftirlit með reikningum og gögnum um innra eftirlit vegna fjárveitinga til verkefna sem eru ekki endurskoðunarskyld.

Aðdragandi

Ríkisendurskoðun Danmerkur leggur fram endurskoðunarskýrslu um Norræna menningarsjóðinn (NKF) fyrir reikningsárið 2014 ásamt dönskum þingmanni samkvæmt reglum Norðurlandaráðs.

Ársreikningur fyrir árið 2014 sýnir halla sem nemur 0,1 milljón danskra króna (m.d.kr.) en á árinu 2013 nam afgangur 1,2 m.d.kr. Eigið fé nemur 1,4 m.d.kr. Þennan mun á afgangi og halla, sem er 1,3 m.d.kr., má að mestu rekja til þess að meira fé var veitt til ytri verkefna og tekjur voru lægri. Til að bregðast við lækkandi tekjum samþykkti stjórnin að ekki skuli greiða almennum fulltrúum þóknun og að lækka þóknun til formanns og varaformanns um helming. Þannig var árlegur sparnaður tæplega 140.000 d.kr.

Veittir voru 200 styrkir, en á árinu 2013 voru þeir 199. Umsóknir voru 951 en á árinu 2013 voru þær 1.069 talsins. Á árinu 2014 hækkaði heildarfjárveiting til verkefna í 29,7 m.d.kr úr 28,6 m.d.kr. árið 2013. Meginhluti fjárveitinga, þ.e. 28,9 m.d.kr. voru til ytri verkefna.

Endurskoðandi framkvæmdi einnig stjórnarsýsluendurskoðun á starfseminni. Athugun á fundargerðum stjórnar leiðir í ljós að ákvarðanir stjórnar eru í samræmi við það sem gefið er upp í ársreikningi. Staðfest er að verkefnaumsjón sjóðsins sé almennt viðunandi, þar á meðal að þriggja ára fresturinn sé virtur. Endurskoðendur taka fram að allar greiðslur til ytri verkefna séu í samræmi við ákvarðanir stjórnar og að þær séu teknar á breiðum og málefnalegum grundvelli. Ennfremur að skoðun og eftirlit Norræna menningarsjóðsins með lokaskýrslum verkefna sé fullnægjandi. Endurskoðendur telja þó að innra eftirlit með reikningum og endurskoðunarskýrslum sem berast sjóðnum gæti verið betra.

Norðurlandaráð

C 5/kk

Til umfjöllunar í:
Eftirlitsnefnd

Málsnúmer 15-00144-3

Endurskoðendur benda á að eftirlit Norræna menningarsjóðsins (NKF) með notkun styrkja undir 200.000 d.kr. sem ekki eru endurskoðunarskyldir fylgi ekki fyllilega reglum um skilvirka umsýslu styrkja ef litið er til móttækinnna reikninga. Endurskoðunin fer fram á að móttæknir reikningar séu ávallt undirritaðir og samþykktir af styrkþega og að kallað sé eftir frekari gögnum ef skrifstofan metur það svo að einhverjir útgjaldaliðir séu vafasamir.

Samkvæmt 21. gr. fjárhagsreglna Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir starfsemi sem Norræna ráðherranefndin fjármagnar, staðfestir Ríkisendurskoðun að henni hafi borist allar upplýsingar sem hún falaðist eftir við endurskoðunina.

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar

Niðurstaða endurskoðenda er sú að reikningsskil stjórnar gefi rétta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu Norræna menningarsjóðsins og niðurstöðu þann 31. desember 2014. Í skýrslunni kemur einnig fram að teknir hafi verið upp verkferlar og innra eftirlit sem stuðla að því að ráðstafanir sem ársreikningur getur um séu í samræmi við lög og reglur, gerða samninga og viðteknar venjur.

Staðfest er að meðferð fjármuna í stjórnarsýslu ársins 2014 sé viðunandi og upplýsingar um markmið og árangur af starfsemi Norræna menningarsjóðsins á árinu 2014 séu skjalfestar og fullnægjandi.

Sjónarmið nefndarinnar

Eftirlitsnefndin staðfestir að Ríkisendurskoðun geri engar alvarlegar athugasemdir við ársreikning Norræna menningarsjóðsins fyrir árið 2014. Nokkrar ábendingar Ríkisendurskoðunar hafa verið skráðar og getur eftirlitsnefndin fyrir sitt leyti tekið undir þær.

Nefndin skráir hjá sér að Norræni menningarsjóðurinn hafi brugðist við ábendingu Ríkisendurskoðunar um að bæta þurfi umsýslu styrkja sem eru lægri en 200.000 d.kr. eins og úrtakskönnun leiddi í ljós. Nefndin tekur undir ábendingu Ríkisendurskoðunar um að endurskoðandi fari fram á að eftirlit sé haft með því að reikningar sem ekki eru endurskoðunarskyldir séu ávallt undirritaðir og samþykktir af styrkþega og að kallað sé eftir frekari gögnum ef skrifstofan metur það svo að einhverjir útgjaldaliðir séu vafasamir.

Eftirlitsnefndin skráir hjá sér ákvörðun stjórnar um að draga úr útgjöldum vegna stjórnarstarfa til að vinna gegn áhrifum minnkandi framlags frá Norrænu ráðherranefndinni.

Niðurstöður

Eftirlitsnefndin skráir hjá sér niðurstöðu endurskoðenda Norræna menningarsjóðsins um að reikningar Norræna menningarsjóðsins séu í samræmi við gildandi reglur og gefi rétta mynd af fjárhagsstöðu Norræna menningarsjóðsins 31. desember 2014.

Ósló, 8. september 2015

Jan Erik Messmann (DF)

*Jan Lindholm (MP), **formaður***

Rasmus Nordqvist (Alternativet)

Sonja Mandt (A), varaformaður

Susanna Koski (saml)

Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)

Norðurlandaráð

C 5/kk

Til umfjöllunar í:
Eftirlitsnefnd

Málsnúmer 15-00144-3